

Vinnumarkaðurinn

Hvað þarf til að störfum fjölgi?

Fundur velferðarvaktarinnar 27. nóv. 2012 um
atvinnumál



Hvað þarf til að störfum fjölgi?

- Störfum fjölgar ekki nema með hagvexti, þ.e. auknum umsvifum í atvinnulífinu
- Atvinnulífið vex ekki nema það fjárfesti í aukinni framleiðslu- og þjónustugetu
- Stór hluti fjárfestinga er til viðhalds framleiðslugetunnar, þ.e. að koma í veg fyrir úreldingu
- Því þarf öflugra nýsköpun og fjölgun öflugra fyrirtækja
- Skapa þarf hagstæð rekstrarskilyrði:
 - hagstætt skattalegt umhverfi
 - efnahagslegan stöðugleika
 - lága verðbólgu og vexti
 - pólitískan stöðugleika
 - gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs



McKinsey skýrslan

- Í skýrslunni er bent á að VLF á mann hafi vaxið hægar á Íslandi frá 1980-2011, 1,3%, samanborið við 1,5%-1,9% á Norðurlöndum og í Bretlandi
- Ísland féll úr 12 sæti árið 1980 í það 18 árið 2010 í samanburði ríkustu landa heims
- Forgangsmál Íslendinga væri að móta hagvaxtarstefnu á breiðum grundvelli
- Ef Íslendingar vildu stefna að 4% árlegum vexti til ársins 2030 þyrfti útflutningur annarra greina en sjávartúvegs, áls og ferðaþjónustu að tvöfaldast
- Það gerist trauðla nema með aukinni nýtingu orkuauðlindanna og að landið verði aðlaðandi kostur fyrir erlenda fjárfesta




Spá OECD um efnahagsþróun til 2060


- Spáir 2,2% meðalhagvexti á Íslandi til 2030, 1,2% á mann
- Svipað og í Svíþjóð og Finnlandi – svipað og OECD-meðaltal
- Spáir 2,4% milli 2030 og 2060, 1,9% á mann – betra en OECD meðaltal en mun lakara en heimsmeðaltal
- Áhrifin mikil af hækkandi meðalaldri
- Miklar ríkisskuldir leiða til hækkandi vaxta og minni hagvaxtar
- Betrumbóta er þörf á vöru- og vinnumörkuðum til að stuðla að aukinni framleiðni



Þróun landsframleiðslu (VLF), VLF á mann og í fjölda starfa



Fjölgun starfa við hverja prósentu hagvaxtar Minnkandi hlutdeild vinnuafls í vexti




Það þarf mikinn hagvöxt til að draga úr atvinnuleysi


- Ef það er nærri lagi að hver prósentu í hagvexti fjölgi störfum um 0,3% þá svarar það til 500 starfa
- Það felur í sér að það þarf 3% hagvöxt til að mæta árlegri fjölgun á vinnumarkaði um 1.500
- Þörf er á enn meiri hagvexti til að draga umtalsvert úr atvinnuleysi – nema til komi frekari brottflutningur af landinu eða minnkandi mannaflí (færri á vinnumarkaði)




Mannfjöldaspá Hagstofunnar



Fjölgun starfa miðað við mismunandi hagvaxtarforsendur



Vöxtur vinnuafls og fjölgun starfa m.v. mismunandi hagvaxtarforsendur



Samandregið

- Ísland þarf að vaxa meira en skv. fyrirbyggjandi hagspám til að ná fullri atvinnu og bæta lífsskjör
- Full atvinna næst eftir 5 ár með 4,5% árlegum vexti og eftir 10 ár með 3,5% vexti
- Svo mikill vöxtur verður ekki að veruleika nema með samspili fjölmargra þátta
 - stöðugleiki, efnahagslegur og pólitískur
 - hagstæð starfsskilyrði atvinnulífs
 - erlendar fjárfestingar
 - samstarf stjórnvalda og atvinnulífs



Vinnumarkaðurinn

Hvað þarf til að störfum fjölgi?

Fundur velferðarvaktarinnar 27. nóv. 2012 um
atvinnumál

